

## Greinagerð með uppfærðri fjárhagsáætlun 2024

Rekstur Fimleikasambandsins er ekki samanburðarhæfur frá ári til árs þar sem sléttu tölu árin eru talsvert kostnaðarsamari en oddatölu árin. Evrópumót í hóp fimleikum fer fram á sléttu tölu árum og er það verkefni verulega kostnaðarsamt. Eins og komið hefur fram á fyrri þingum þá hefur ætíð staðið til að nýta afgang árána 2022 og 2023 í fyrirhugað tap ársins 2024. Árið 2022 var samsteypa Fimleikasamband Íslands og Fimleika Events í rúmum 13,5 m.kr. afgangi. Þessi afgangur kom til vegna myndalegs styrks ríkisins í kjölfar COVID en Fimleikasambandið setti mikinn metnað í þá umsókn og skilaði greinargóðum gögnum. Ef sá styrkur hefði ekki komið til, hefði árið 2022 verið rekið í tapi. Rekstrarafgangur af samsteypunni árið 2023 voru rúmar 7,3 m.kr. Samanlagður rekstrarafgangur árána tveggja er því rúmar 20,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að hann sé nýttur í fyrir séð rekstrartap ársins 2024.

Aldrei áður í sögu sambandsins hefur verið stefnt að jafn mörgum verkefnum og er á þessu ári og á það við um hóp fimleika, áhaldafimleika og fimleika fyrir alla. Því miður vegna staðsetningar og kostnaðarsamra samgangna reynist ekki mögulegt að senda hóp á Eurogym þetta árið sem verður í Bodö í Noregi. Í áhaldafimleikum verður farið á öll hefðbundnu mótin en því til viðbótar var farið á heimsbikarmótaröð (WC) í tengslum við Ólympíuundirbúning sem og að farið verður á fleiri heimsbikarmót (WCC) en áður hefur við gert. Á Evrópumót í hóp fimleikum í Baku, Azerbajjan munum við senda fjögur landslið og eitt útbreiðsluverkefni. Því til viðbótar er fagmennskan í okkar starfi sífellt að aukast.

Ytri aðstæður eru okkur ekki hagstæðar. Miklar verðhækkningar hafa verið bæði á Íslandi sem og úti í heimi sem og lögbundnar launahækkningar sem auka kostnað sambandsins og gera rekstrarskilyrði erfiðari.

Samhliða háleitum markmiðum sambandsins í afreksstarfi kynnir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) nýja reglugerð Afrekssjóðs. Afrakstur þeirrar vinnu er að styrkur úr afrekssjóði er 15,1 m.kr. lægri til Fimleikasambandsins eða lækkun um 23,5%. Þar að auki er sá hluti styrksins sem er eyrnamerkur einstaklingum 3 milljónum hærri en á samanburðarári. Því má segja að styrkur úr afrekssjóði til FSÍ er alls 18,1 milljón lægri eða lækkun um 28,1%.

Þessar tvær breytur; hækkun kostnaðar annars vegar og minni styrkur úr Afrekssjóði hins vegar skapar okkur þröng rekstrarskilyrði. Fimleikasambandið ætlar sér að halda ótrautt áfram í sínum verkefnum þó að framkvæma þurfi þau með öðrum hætti. Við gerð fjárhagsáætlunar voru eftirfarandi hlutir hafðir að leiðarljósi:

- Halda kostnaðarpátttöku afreksfólks eins nálægt því sem hefur verið.
- Auka hagkvæmni í afreksverkefnum án þess að það komi niður á gæðum.

- Rekstrargjöld tekin til skoðunar og hagkvæmni aukin eins og kostur er.
- Halda álögum á félögum okkar föstum út árið nema að þing ákveði annað.

## Fjárhagsáætlun 2024 skýringar

### Styrkir og framlög

- Ríkisstyrkur Fimleikasambandsins er hærri fyrir árið 2024 vegna nýrrar reiknireglu hjá ÍSí.
- Gert er ráð fyrir samskonar tekjum af Lottó og á síðasta ári.
- Gert er ráð fyrir lægri tekjum vegna samstarfsaðila en áætlun sem samþykkt var á þingi 2023 gerði ráð fyrir. Þó er gert ráð fyrir að framlög hækki um 10% frá árinu 2023.
- Aðrar tekjur er styrkur sem sambandið fékk vegna málþings um verndun og velferð barna en kostnaður er færður undir fræðsluviði. Tekjur og útgjöld vegna málþingsins eru nokkurn veginn á pari.
- Eins og áður hefur komið fram er úthlutun úr Afrekssjóði talsvert lægri og er það helsta ástæða uppfærðar fjárhagsáætlunar.

### Innlend mót og sýningar

- Fleiri mót fara fram í ár en voru á dagskrá þegar upphafleg fjárhagsáætlun var gerð. Dómaragjöld voru hækkuð með nýjum dómarasamningi og laun dómara hækka á móti. Að sama skapi hækka liðir eins og hlutur og afsláttur mótshaldara vegna fleiri móta. Almennt séð er gert ráð fyrir 5% hækkun á þeim iðkendafjölda sem sækir mót frá árinu áður. Ekki er gert ráð fyrir hækkun mótagjalda eða dómaragjalda nema forsendur breytist.
- Gert er ráð fyrir að verðlaunakostnaður standi nokkurn veginn í stað, þrátt fyrir fleiri mót, vegna góðrar nýtingar á verðlaunapeningum sem skilar sér í hlut félaganna af mótahaldinu.

### Alþjóðleg mót og sýningar

- Þátttökugjöld og flug eru lægri vegna þess að ekki verður farið á Eurogym í ár. Áhrif vegna þessa er einnig að finna í öðrum liðum, eins og hótélkostnaði, ferðakostnaði og svo framvegis. Einnig kemur til lækkunar í tekjuliðnum „Fimleika fyrir alla“ en

sá liður inniheldur nú einungis Golden Age. Erfitt er að áætla þennan lið nákvæmlega en tekjur og gjöld fylgjast þó að.

- Kappkostað verður að tryggja hagstæðustu gístimöguleika fyrir keppendur og fylgdarlið til að nýta hverja krónu sem best.
- Aukning á tekjum vegna hópfimleika er þar sem ekki var gert ráð fyrir því í upphaflegri áætlun að senda þrjú unglingslið á Evrópumótið. Ákveðið hefur verið að senda drengjalið til þátttöku sem liður í útbreiðsluverkefni á vegum sambandsins. Þátttakendur í útbreiðsluverkefni bera hærri kostnað af verkefninu en þeir sem taka þátt í afreksstyrktu verkefni.
- Gert er ráð fyrir 2 milljóna króna kostnaði í kringum mögulega þátttöku á Ólympíuleikunum sem verður að teljast varlega áætlað þar sem kostnaður af svo stóru móti verður líklega talsvert meiri, ef af því verður. Fimleikasambandið bindur hins vegar vonir við að ÍSÍ greiði verkefnið að fullu.
- Afkomubreyting er á sviði alþjóðlegra móta og sýninga. Liðurinn Eurogym hefði að öllu óbreyttu átt að skila 26,5 milljónum í tekjur og álíka í kostnað en erfitt er að áætla þennan lið nákvæmlega. Stefnt er að fleiri verkefnum en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2024 og munar þar mest um heimsbikarmótin sem farið verður á árið 2024. Leitað verður allra leiða til að framkvæma mótin á hagkvæman hátt án þess að það komi niður á gæðum verkefnanna.
- Fimleikasambandið hefur sótt færri ráðstefnur erlendis bæði í tengslum við Fimleika fyrir alla og sem og í tengslum við afreksstarfið til að lækka kostnað.
- Launatafla landsliðsþjálfara var uppfærð með það að markmiði að gera menntun og reynslu herra undir höfði og hækka þar með laun þjálfaranna okkar.

## Námskeið og fræðsluefni

- Við gerum ráð fyrir áframhaldandi vexti í þátttöku á þjálfaranámskeiðum. Ástæða fyrir lækkun á tekjum á milli 2023 og uppfærðri áætlun 2024 er að ekki er gert ráð fyrir endurmenntunarnámskeiðum sem haldin voru árið 2023.
- Dómaranámskeið í nýjum reglum munu fara fram árið 2025 en ekki 2024 eins og áður hafði verið áætlað.
- Undir liðnum önnur námskeið er fræðsludagur FSÍ. Þar er gert ráð fyrir aðeins betri þátttöku en árið 2023. Við vonumst hins vegar til að þátttakan verði enn betri en verið hefur, því verður námskeiðsgjald ekki hækkað en ljóst er að fræðsludagurinn rekur sig ekki eins og staðan er núna.

- Gert er ráð fyrir álíka kostnaði við CANVAS kerfið og á árinu á undan (tækjaleiga/hugbúnaður)
- Ástæða lækkunar á kostnaði á kennslu er vegna endurmenntunarnámskeiðs sem fór fram árið 2023 en ekki 2024.
- Stefnt er að því að klára námsefnisgerð í nýja fræðslukerfinu á árinu. Stig 4 í kerfinu hefur ekki verið búið til og verður það klárað á árinu. Gert er ráð fyrir tæpri 1,5 milljón í þann lið, ásamt lagfæringum og betrubótum á þeim hlutum sem nú þegar hafa verið kláraðir.
- Kostnaður af málþinginu kemur undir fræðslusvið en sem tekjur undir liðnum „Styrkir og framlög“ Gera má ráð fyrir kostnaður af því verði örlítið hærrí en tekjurnar.

### Leyfiskerfi

- Gert er ráð fyrir um 3% aukningu á iðkendum. Hins vegar er gert ráð fyrir talsverðri hækkun í þjálfaraleyfum þar sem að skráning á mót fer nú einungis fram í gegnum Leyfiskerfið.

### Aðrar tekjur

- Gert er ráð fyrir samskonar umsvifum í þessum lið og árið 2023 að undanskildinni sölu til dótturfélags á starfskröfum starfsmanna FSÍ í kringum móthald.
- Ef til þess kemur að þessi liður lækki eða hækki kemur til samskonar hækkunar/lækkunar á gjaldalið.

### Rekstrargjöld

- Gert er ráð fyrir lækkun á launum og launatengdum gjöldum um 8,6 milljónir frá 2023. Tveir starfsmenn eru í fæðingaorlofi með samanlagt 1,6 starfsgildi, ráðið hefur verið í 0,5 starfsgildi og áætlun gerir ráð fyrir að ráðið verði í annað 0,5 starfsgildi, þannig lækka starfsgildi á skrifstofu um 0,6. Eins og staðan er núna, þegar árið er tæplega hálfnað, eru starfsgildi á skrifstofu Fimleikasambandsins 5 en voru 6,1 í upphafi árs.
- Hugbúnaðarkostnaður hefur verið tekinn til skoðunar og leyfum verið sagt upp sem útskýrir lækkun frá 2023.
- Áætlað er að bókhaldskostnaður/ráðgjöf lækki um 600 þúsund frá fyrra ári. Lágmarks aðstoð bókhaldsþjónustu hefur verið nýtt árið 2024. Stórar viðbætur eru áætlaðar á þjónustugáttinni til að auka þjónustu við félögin. Kostnaður af bókhaldsþjónustu er að mestum hluta vegna Fimleika Events og bókfærast því undir þeim lið.

- Fimleikaþing verður smærra í sniðum í ár og kostnaður því lægri en árið áður og það sem áætlun gerði upphaflega ráð fyrir.
- Við áætlum að halda uppskeruhátíðina í lok árs 2024, áætlaður kostnaður við hana er 400 þúsund krónur. Góður árangur keppenda gæti hins vegar skekkt áætlunina eitthvað.
- Gert er ráð fyrir um það bil 5% hækkun á kostnaðarliðunum tryggingar og húsaleiga.
- Seinustu ár hafa tölvur og tæki verið endurnýjuð og verður lögð áhersla á að nýta þann búnað sem best og áætlaður kostnaður því í lágmarki.

## Samantekt

Breyting á vinnubrögðum ÍSÍ ýta okkur út í endurskoðun á fjárhagsáætlun. Sambandið fékk lægri úthlutun úr afrekssjóði, þrátt fyrir að athugasemdir hafi verið gerðar við þá úthlutun. Upplýsingar um lækkun á úthlutun bárust sambandinu ekki fyrir en í febrúar, sem er of seint til að hægt sé að bregðast við með réttum hætti. Lægri úthlutun gerir okkur erfitt fyrir að vinna innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem samþykkt var á þingi 2023.

Þrátt fyrir það aðhald í rekstri sem talið hefur verið upp, er staðan svört. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir rúmlega 4,5 milljóna tapi á árinu. Tekjur af afrekssjóði eru 15,1 milljón lægri á samanburðarhæfu ári (2022). Því til viðbótar eru einstaklingsstyrkir 4 milljónir 2024 til samanburðar við 1 milljón árið 2022. Þar að leiðandi eru tekjur af Afrekssjóði, sem Fimleikasambandið hefur til umráða, 18,1 milljón lægri. Áætlun sem samþykkt var á síðasta þingi gerði ráð fyrir 68 milljónum undir þessum lið og 3 milljónum í einstaklingsstyrki eða 65 milljónir til sambandsins.

Ef skerðingu Afrekssjóðs er bætt við áætlað tap í upphaflegri fjárhagsáætlun, væri tap ársins 22,7 m.kr.

Hins vegar er staðan sú að samanlagður afgangur Fimleikasambandsins árið 2022 og 2023 er um 20,8 milljónir og hefur það ætíð staðið til að nýta afgang þessara tveggja ára í fyrirhugað tap ársins 2024 sem verður hið viðburðarmesta á afrekssviði frá stofnun sambandsins.

Sýn okkar til framtíðar er hin sama og verið hefur í venjulegu árferði, að oddatölu árin eru rekin með afgangi en sléttu tölu árin í tapi og samanlagt sé örlítill afgangur og við það myndist jafnvægi. Verði úthlutun afrekssjóðs á næstu árum jafn lág og hún var í ár er ljóst að þá mun þurfa að fara í endurskoðun á uppbyggingu afreksstarfsins og draga úr kostnaði sem myndi færa okkur nokkur ár aftur í bæði gæðum og fagmennsku.

Ragnar Magnús Forsteínsson

Fjármálastjóri

Fimleikasambands Íslands